



Fundargerð 85. fundar stjórnar Reykjanes jarðvangs ses.
Haldinn föstudaginn 5. maí 2025, kl. 09:00 á TEAMS.

Mætt eru: Valgerður B. Pálsdóttir, Fannar Jónasson, Magnús Stefánsson, Árni Sigfússon, Arnbjörn Ólafsson, Jóhann Snorri Sigurbergsson og Friðrik Valdimar Árnason

Starfsmenn: Daníel Einarsson (sem ritaði fundargerð) og Þuríður H. Aradóttir Braun

Forföll: Guðrún P. Ólafsdóttir

Dagskrá fundarins:

1. **Brimketill framhald frá síðasta stjórnarfundi – Minnisblað Eflu**

Verkefnastjóra falið að vinna áfram að endurbótum og viðgerðum á útsýnispallinum við Brimketil. Mikilvægt er að farið verði 1-2 ári í eftirlit og hert á festingum í gólfristum og athugað með aflögun og aðrar skemmdir. Verkefnastjóri mun hefja samtal við hönnuði og smiði pallsins um næstu skref og skoða leiðir til að áfangaskipta viðhaldi og endurnýjun. Kannað verður með fjármögnun í gegnum Landsáætlun uppbyggingu innviða.

2. **Nordplus verkefnið *Empowering Educators: Nordic Geoparks as Cross-Sectoral Hubs for Lifelong Learning* - samþykkt**

Markmið verkefnisins er að efla fræðsluhlutverk norrænna jarðvanga sem þverfaglegir vettvangar fyrir endurmenntun kennara. Jarðvangar á öllum norðurlöndunum eru samstarfsaðilar í verkefninu. Verkefnið mun styðja við að setja á laggirnar formlegt samstarfsnet norrænna jarðvanga til áframhaldandi þróunar og samstarfs. Stjórn lýsir yfir ánægju með styrkinn.

3. **Geopark Ráðstefna í Chile**

Ráðstefnan í Chile var til umfjöllunar og möguleikar ferðatilhögunar. Þá var einnig vakin athygli á næstu Evrópuráðstefnu jarðvanga í Finnlandi í september á næsta ári.

4. **Önnur mál:**

- a. Í apríl komu í ljós niðurföll og önnur merki um nýjar sprunguhreyfingar á ferðamannastöðunum Brú milli heimsálfa og Valahnúk. Líklega má rekja jarðraskið til yfirstandandi jarðhræringa á Reykjanesi. Verkefnastjóri er í samtali við SafeTravel til að tryggja góðar merkingar og skilvirkar lokanir þar sem það á við. Það er í skoðun hvort æskilegt sé að hefja jarðkönnun á fjölsóttum stöðum á Reykjanesi utan Grindavíkur. Verkefnastjóri vinnur áfram að því að settar verði upp viðunandi merkingar og lokanir þar sem það á við.
- b. Framkvæmdarsjóður ferðamannastaða synjaði umsókn jarðvangsins um styrk vegna verkefnis á Garðskaga. Þá var umsókn Grindavíkurbæjar einnig synjað. Sveitarfélagið Vogar fékk úthlutað styrk vegna verkefnis við Staðarborg.

Ekki fleira rætt og fundi slitið kl. 09:39